



Bann við tjáningu hatursáróðurs og fordóma

26. apríl 2012

Björg Thorarensen

Prófessor lagadeild HÍ



Viðfangsefnið

- Íslenskar lagareglur um bann við hatursáróðri og tengsl við alþjóðlegar skuldbindingar og norræn refsilög.
- Hvaða ástæður eru baki svo afdráttarlausri takmörkun á tjáningarfrelsinu – samræmist hún leikreglum lýðræðissamfélags?
- Skilyrði þess að refsað sé fyrir brot á lagareglum.
- Skyldur stjórnvalda að grípa til raunhæfra aðgerða



Sérstakar takmarkanir tjáningarfrelsis vegna réttinda tiltekinna hópa

- Tjáning ákveðinna skoðana; kynþáttahatus og annarra fordóma er bönnuð og refsiverð skv. 233. gr. a alm. hgl. nr. 19/1940
 - Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum
- Var bætt í lögin 1973 v. aðildar að samningi SÞ um afnám alls kynþáttamisréttis frá 1965
- Síðar bættist inn einstaklingsvernd (ekki aðeins hópar) og „kynhneigð“ bætti í upptalningu (l. 135/1996)



Samningur SP um afnám alls kynþáttamisréttis, 4. gr.

Aðildarríki fordæma allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahatus og misréttis í hvers konar mynd....

[Aðildarríki skulu:]

- (a) Gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða hatri, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öll ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna..
- (b) Lýsa ólögleg og banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum.



Áhrif 4. gr. SAK á refsilöggjöf á Norðurlöndum

- Fyrirmynd 233. gr. a voru norræn refsíákvæði um sama efni.
- Á Norðurlöndum var einnig bætt inn fleiri atriðum s.s. trúarbrögðum og síðar kynhneigð.
- Þar er enn byggt á refsivernd „hópa“ (*hets mot folkgrupp*)
- Talin of víðtæk skerðing félagafrelsis að banna afdráttalaust félög og samtök sem stuðla að kynþáttahatri, sbr. b-lið 4. gr. SAK.



Tjáningarfrelsið og takmarkanir á því

- 73. gr. stjórnarskrárinnar

Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.

- Helsta fyrirmynd er sambærilegt ákvæði í 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 19. gr. Samnings SÞ um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi



Rök að baki banni við hatursáróðri

- Óumdeild takmörkun á tjáningarfrelsi manna
- *Einstaklingshagsmunir*: Forsenda að slíkar skoðanir brjóti alltaf á réttindum þeirra sem tilheyra slíkum hópum (friðhelgi einkalífs)
- *Almannahagsmunir*: Ríkari nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi að sporna við slíkri tjáningu, en hagsmunir einstaklings af því að njóta óskoraðs tjáningarfrelsis á þessu sviði
 - Grefur undan samstöðu í þjóðfélaginu,
 - Andstætt grundvallarreglunni um jafnræði manna
 - Hvetur til ofsókna og þar með til glæpa í þjóðfélaginu, einkum ofbeldisbrota



Hvað er refsivert samkvæmt 233. gr. a?

- Lágmarks alvarleiki tjáningar
- Tjáning á opinberum vettvangi
- Horft er til markmiðs með tjáningu.
 - ... að hæða, rægja, smána eða ógna opinberlega manni eða hópi manna vegna þjóðernis, kynþáttar hans eða annarra atriða
 - „Ljóst er að refsíákvæði frumvarpsins stemmir ekki stigu við að lýsa með fræðilegum hætti mismun kynþátta, fólki af mismunandi litarhætti o.fl. og gegnir hinu sama um málefnislegar umræður þótt ekki séu á fræðasviði (úr grg 1973)“
- Samhengið sem ummælin eru sett fram í.
- Tjáningarform t.d. myndbirting?



Fyrsta og eina íslenska refsimálið um útbreiðslu kynþáttafordóma

- Rökstuðningur Hérð. Rvík. 25. október 2001
 - Ummæli skoðuð í samhengi við markmið Félags íslenskra þjóðernissinna „Hvíta Íslands“
 - Háð og rógur um fólk af tilteknu þjóðerni og litarhætti og þau eru sett fram á opinberum vettvangi.
 - 233. gr. a alm. hgl. skýrð m.a. í ljósi 4. gr. SAK, 17. gr. MSE og annarra skuldbindinga um mannréttindi.
- *Hrd. 24. apríl 2002 (461/2001)*
 - Órökstuddar alhæfingar.
 - Leitast við að upphefja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði, rógi og smánun.
 - Viðtalið í heild sinni og ummælin virt í því samhengi
 - Háttsemi féll skýrlega að verknaðarlýsingu 233. gr.a



Nýleg framkvæmd MDE

Vejdeland o.fl. gegn Svíþjóð (9.2.2012)

- Mat á hvort refsing fyrir að breiða út hatursáróður gegn samkynhneigðum var nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og heimil takmörkun á tjáningarfrelsi.
- Kærendur vísuðu til markmiðs um samfélagsumræðu og hlutverk skólakerfis
- Efni bæklinga með niðrandi ummæli og alvarlegar ásakanir um kynferðisbrot gegn börnum.
- Nemendur á viðkvæmum aldri í framhaldsskóla
- sem áttu ekki kost á að hafna viðtöku
- Refsing kærenda var ekki úr hófi
- Ekki brotið gegn tjáningarfrelsi skv. 10. gr. MSE



Ábyrgð á útbreiðslu refsiverðra ummæla

- Ólík staða viðmælanda og fjölmiðils
- Hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi er að dreifa upplýsingum – líka hættulegum og umdeildum skoðunum
 - Hér vandast málið!
- Dómur MDE í máli *Jersild gegn Danmörku* frá 23.9.1994 - ábyrgð og skyldur fjölmiðla til að dreifa upplýsingum um umdeildar skoðunar og réttur almennings til að þekkja þær.
- Vegur réttur fjölmiðla til að dreifa upplýsingum þyngra en réttur hóps manna til verndar fyrir opinberri birtingu á hatri og fordómum?



Sérstakar skyldur fjölmiðla sbr. fjölmiðlalög nr. 38/2011

- **26. gr.** *Lýðræðislegar grundvallarreglur.*
Fjölmiðlaveita skal í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skal virða mannréttindi og jafnrétti auk þess að hafa í huga friðhelgi einkalífs. [...]
- **27. gr.** *Bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðar háttsemi.*
Fjölmiðlum er óheimilt að hvetja til refsiverðar háttsemi. Bannað er að kynda undir hatri í fjölmiðlum á grundvelli kynþáttar, kynferðis, kynhneigðar, trúarskoðana, þjóðernis, skoðana eða menningarlegrar, efnahagslegrar, félagslegrar eða annarrar stöðu í samfélaginu.



Hvenær er umræða hatursáróður?

Úr skýringum með 27. gr. fjölmiðlalaga:

„Mikilvægt er að gera greinarmun á hatursáróðri annars vegar og málefnalegri gagnrýni, stjórn málaumræðu og skoðanaágreiningi hins vegar. Hatursáróður er skilgreindur sem tal, texti, tjáning, hegðun og/eða framkomu sem birtist í texta, hljóði og/eða mynd þar sem hvatt er til ofbeldis, fordóma og/eða fordómafullrar hegðunar gegn einstaklingi eða hópi af fólki og/eða með því að vanvirða, smána, hræða og/eða ógna viðkomandi einstaklingi eða hópi.“

„Hatursáróður þykir sérstaklega skaðlegur þegar hann birtist í hljóð- og myndmiðlum vegna þess slagkrafts og þeirrar útbreiðslu sem slíkir miðlar hafa.... „



Jákvæðar skyldur stjórnvalda

- Aðildarríkjum SAK ber að berjast gegn og afnema kynþáttamisrétti í hverri mynd sem það birtist og grípa til raunhæfra aðgerða til að ná því markmiði.
- Frumskylda að setja lög – en líka að fylgja þeim eftir
- Brot á 233. gr.a sæta ákæru án kröfu þess sem misgert er við, sbr. 242. gr. alm.hgl
 - Frumkvæði lögreglu og saksóknara að hefja rannsókn
- Brot á 27. gr. fjölmiðlalaga
 - Varðar stjórnvaldssektum á lögaðila skv. 54. gr. f-liður
 - Varðar refsingum gagnvart einstaklingum (ábyrgðarmenn, starfsmenn fjölmiðlaveitu eða stjórnarmenn) 56. gr. g-liður
 - Frumkvæði og eftirlitsskylda fjölmiðlanefndar



Samantekt

- Vaxandi áhersla í Evrópuríkjum á þörf á að sporna við hatursáróðri
 - Árekstrar í fjölmeningarsamfélögum, t.d. ólík trúarbrögð og menningarhefðir
 - Stjórn málaumræða sem byggir á kynþáttafordómum og útlendingahatri – öfgafull stefnumið flokka
- Skyldur fjölmiðla
 - Þróun til að skilgreina skyldur betur í lögum.
 - Framsetning skoðana, markmið og samhengi skiptir höfuðmáli
- Nauðsyn takmörkunar á tjáningarfrelsi ræðst af vandasömu hagsmunamati þar sem línan getur verið hárfín.